

Sótti hann því um, að nafn hans væri skráð á kjörskrá hér, en bæjarstjórn synjaði á fundi sínum 8. júní s. l. og kærir sækjandi nú þá synjun.

Þá er það og upplýst, að sækjandi hefur sent manntalsskrifstofunni hér beiðni um, að hann verði skráður hér á manntal, en verjandi hefur bent á, að sú tilkynning um aðseturskipti hafi ekki verið formleg og að ekkert bendi til þess, að sækjandi eigi hér raunverulegt heimili og enn fremur liggi ekki fyrir samþykki neins húsráðanda hér um, að sækjandi eigi hér lögheimili eða hafi átt, meðan hann dvaldist erlendis.

Með hliðsjón af því, er nú hefur verið rakið, verður dómurinn að líta svo á, að sækjandi hafi, eftir að hann fór héðan á árinu 1950, ekki sýnt vilja á því að halda áfram búsetu sinni hér í Vestmannaeyjum og hafi það því verið eðlilegt, að hann félli út af manntali hér það ár og búseta hans hér þá rofnað. Með því að sækjandi hefur samkvæmt framan-sögðu verið búsettur í Svíþjóð frá því í janúarmánuði 1950, telur dómurinn, að hann fullnægi ekki skilyrðum 3. tl. 1. gr. laga nr. 80 frá 7. september 1942 og eigi hann því ekki rétt á að nafn hans verði skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningar þær, er fram fara 28. júní n. k.

Dómsorð:

Nafn sækjanda, Einars Braga Sigurðssonar, skal ekki skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar 1953.

Laugardaginn 27. júní 1953.

Nr. 94/1953. **Kristín Jónsdóttir** (Theódór B. Línal)

gegn

Bæjarstjórn Vestmannaeyja (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Aðilja dæmdur réttur til skráningar á kjörskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. þ. m. Krefst hann þess, að honum verði dæmdur réttur til þess að verða skráður á kjörskrá í Vestmannaeyjum fyrir alþingiskosningarnar 28. júní 1953. Svo krefst hann

og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi er eiginkona Einars Braga Sigurðssonar, áfrýjanda málsins nr. 93/1953, og hafa þau, samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi, jafnan dvalizt samvistum hér á landi og í Svíþjóð, eftir að þau gengu í hjónaband. Samkvæmt þessu þykir áfrýjandi hafa rétt til að fá sig skráða á kjörskrá í Vestmannaeyjum, eins og eiginmaður hennar, sbr. dóm í áðurgreindu máli hans nr. 93/1953. Ber því að taka nefnda kröfu hennar til greina.

Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefnda, bæjarstjórn Vestmannaeyja, ber að taka nafn áfrýjanda, Kristínar Jónsdóttur, á kjörskrá þá, er gildir við alþingiskosningar 28. júní 1953.

Hvor aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyjakaupstaðar 22. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 80 frá 1942 af Einari Braga Sigurðssyni f. h. eiginkonu sinnar, Kristínar Jónsdóttur, með kæru, dags. 12. júní s. l., er barst í hendur dómaranum 15. júní s. l., gegn bæjarstjórn Vestmannaeyja, og gerir þær réttarkröfur, að nafn Kristínar Jónsdóttur, sem fædd er 19. janúar 1920, verði að undangengnum dómi skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjakaupstað fyrir alþingiskosningar þær, er í hönd fara, en bæjarstjórn Vestmannaeyja synjaði beiðni þar um á fundi sínum 8. júní s. l.

Af hálfu bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar var mætt í málinu og þess krafizt, að nafn sækjanda yrði ekki skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjum, nema dómurinn teldi sækjanda eiga rétt á því með vísan til þeirra upplýsinga, er fyrir liggja í málinu.

Lögðu aðiljar síðan málið í dóm með skírskotun til þeirra gagna og bókunar, er fyrir liggur í málinu.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Eiginmaður Kristínar Jónsdóttur, Einar Bragi Sigurðsson, sækjandi í

máli þessu, hefur frá því í janúarmánuði 1950 dvalizt í Svíþjóð ásamt fjölskyldu sinni, þar á meðal eiginkonu, og stundaði hann þar nám til 30. janúar s. l. samkvæmt framlögðum vottorðum. Áður en þau hjónin fóru utan, áttu þau lögheimili að Fífilögötu 2, hér í Vestmannaeyjum. Samkvæmt vottorði manntalsskrifstofunnar í Vestmannaeyjum voru hjónin skráð hér á manntal síðast 1. nóvember 1949, en flytja burtu á árinu 1950 og falla þá út af manntalsskrám. Samkvæmt vottorði bæjar-sjóðs Vestmannaeyja hefur verið lagt útsvar hér á eiginmann sækjanda árið 1950, en síðan ekki.

Samkvæmt vottorði skattstjórans í Vestmannaeyjum hefur eiginmaður sækjanda talið fram hér í Vestmannaeyjum 1950, miðað við tekjur 1949, en árið 1951 telur hann ekki fram og er þá tekinn á skattleysingjaskrá. Hins vegar er hann ekki á skattskrá 1952 eða 1953.

Eiginmaður sækjandi telur sig og fjölskyldu sína hafa átt lögheimili hér áður en hann fór utan og þar sem þau hafi ekki verið skráð á manntal annarsstaðar, meðan þau dvöldu erlendis, eigi þau lögheimili hér enn, en af vangá hafi láðst að biðja einhvern að skrá þau á manntal hér áfram, meðan þau voru í burtu.

Sótti því eiginmaður sækjanda um, að nöfn þeirra yrðu skráð á kjörskrá hér, en bæjarstjórn synjaði á fundi sínum 8. júní s. l., og er sú synjun nú kærð. Það er upplýst, að eiginmaður sækjanda hefur nú sent manntalsskrifstofunni beiðni um að hann og fjölskylda hans væru skráð á manntal hér í Vestmannaeyjum, en verjandi hefur bent á, að sú beiðni hafi ekki fullnægt formkröfum tilkynninga um aðseturskipti og ekkert bendi til þess, að hann eða fjölskylda hans eigi hér raunverulegt heimili og enda ekkert þeirra í bænum nú og enn fremur liggi ekki fyrir samþykki neins húsráðanda hér um, að sækjandi eigi hér lögheimili eða hafi átt, meðan hann dvaldist erlendis.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, verður dómurinn að líta svo á, að sækjandi, sem flutti til Svíþjóðar með manni sínum snemma árs 1950, hafi ekki sýnt vilja á að halda áfram búsetu sinni hér í bænum, og telja sér hér áfram lögheimili og hafi því verið eðlilegt, að nafn hennar félli af manntali hér það ár og búseta hér því rofnað. Með því að sækjandi hefur samkvæmt framansögðu verið búsett í Svíþjóð frá því í janúarmánuði 1950, telur dómurinn, að hún fullnægi ekki skilyrðum 3. tl. 1. gr. laga nr. 80/1942 um kosningar til Alþingis og eigi hún því ekki rétt á að nafn hennar sé skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjakaupstað fyrir alþingiskosningar þær, er fram fara hinn 28. júní n. k.

Dómsorð:

Nafn sækjanda, Kristínar Jónsdóttur, skal ekki skráð á kjörskrá í Vestmannaeyjakaupstað fyrir alþingiskosningar 1953.